

Ed.

386. Frumvarp

til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Við útreikning á tekjuskatti innlendra hlutafjelaga samkvæmt 7. gr. laganna skal farið eftir þessum reglum:

- a. Skattgjaldið skal miðað við meðaltal af skattskyldum tekjum fjelagsins 3 reikningsárin næstu á undan niðurjöfnuninni, ef fjelagið hefir starfað svo lengi, og við meðaltal tveggja ára, ef fjelagið hefir starfað tvö ár einungis.
- b. Við ákvörðun hlutfallsins milli skattskyldra tekna og hlutafjár skal með innborguðu hlutafje telja varasjóð þann, sem fjelaginu kann að hafa safnast af arði, sem lagður hefir verið til hliðar í því skyni, eins og sá sjóður var í byrjun næsta reikningsárs á undan niðurjöfnuninni.
- c. Ef nokkuð af ársarði fjelagsins er lagt í varasjóð, þá er $\frac{1}{4}$ hluti þeirrar upphæðar undanþeginn tekjuskatti, og skal koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna. Ef nokkur upphæð úr varasjóði síðar er notuð til úthlutunar til hluthafa, eða á annan hátt notuð í einhverjum þeim tilgangi, sem ekki var tilætlunin þegar varasjóðurinn myndaðist, þá skal telja helming þeirrar upphæðar, sem þannig er ráðstafað, til skattskyldra tekna fjelagsins á því ári.
- d. Sem varasjóð samkvæmt b.- og c.-lið má ekki telja eftirlaunasjóði, arðjöfnunarsjóði eða aðra slíka sjóði, sem eru ekki beinlínis ætlaðir til þess að tryggja fjárhag fyrirtækisins sjálfs.
- e. Reglurnar í þessari grein koma í fyrsta skifti til framkvæmda við ákvörðun tekjuskatts árið 1925.

2. gr.

Ef einstaklingur eða innlent fjelag, annað en hlutafjelag, rekur sjerstaklega áhættusama atvinnu og hefir beðið tap af atvinnurekstri sínum í heild eitt eða fleiri af þrem árunum næstu á undan niðurjöfnun tekjuskatts, skal veita ivilnun í lögmæltum tekjuskatti, ef umsókn kemur um það frá gjaldþegni og yfirskattanefnd mælir með henni, þó aldrei meiri en svo, að skatturinn sje reiknaður eftir meðaltali af skattskyldum tekjum síðustu þriggja ára. Jafnan skal heimtað, að tap, er þannig á að koma til greina, sje sannað með fullgildu reikningshaldi.

3. gr.

Með konunglegri tilskipun má undanþiggja þá menn, er starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis, tekjuskatti að nokkru eða öllu af launum þeim, er þeim eru greidd hjeðan fyrir starfið.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samning við stjórn Danmerkur um gagnkvæmar ivilnanir á tekju- og eignarskatti og sveitargjöldum þeirra íslenskra og danskra ríkisborgara, sem eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum í báðum ríkjum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.